



Tillaga fulltrúa B, C og S lista til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Styrkir til lýðheilsuverkefna fyrir eldra fólk í Mosfellsbæ

Dags: 31.10.2022

Málsnúmer: 202210580

Málsmeðferð: Til samþykktar

Starfsmaður: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að veita verkefnunum Karlar í skúrum styrk að upphæð kr. 782 þús. og Heilsa og hugur 300 þús. í samræmi við samþykkt bæjarráðs frá 27. október síðastliðinn þar sem ákveðið var að nýta ágóðahlutagreiðslu frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands 2022, 1.082.500 kr. til góðra verkefna í Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Karlar í skúrum er samfélagslegt verkefni sem hófst á vegum Rauða krossins. Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og neikvæðar afleiðingar hennar með því að skapa karlmönnum vettvang til að hittast á þeirra forsendum. Skúrin í Mosfellsbæ fór af stað, 1. september 2020, en þá voru þrjár skúrar starfræktir á landinu, í Hafnarfirði, Breiðholti og Vesturbyggð. Hver skúr er sjálfstæð eining sem hefur sína eigin stjórn og sínar eigin reglur en ákveðna grunnreglur verða að vera til staðar. Bannað er að útiloka fólk sökum uppruna, stjórnsmálaskoðana, fötlunar eða þjóðernis og ekki er haft áfengi við hönd í skúrnum. Verkefnið er byggt á erlendra fyrirmynd á verkefninu Men's Sheds á Írlandi og í Ástralíu.

Reynslan sýnir að skúrin veitir öruggt og vinalegt umhverfi þar sem karlmenn á öllum aldri hafa tækifæri til að hittast og spjalla yfir kaffisopa og vinna að sameiginlegum og/eða persónulegum verkefnum sem þeir ákveða sjálfir á sínum eigin hraða.

Mosfellsbær studdi við verkefnið í upphafi með því að greiða leigu, en skúrin er staðsettur á lóð Skálatúns að Skálahlíð 7a. Mosfellsbær gerði leigusamning við Skálatún ses. frá 1. september 2020 til og með 30. apríl 2022. Að þeim tíma loknum var horft til þess að verkefnið yrði orðið sjálfbært með nægum fjölda þátttakenda. Heimsfaraldurinn hefur sett strik í þróun verkefnisins, þ.e. fjölgun þátttakenda og því er talið mikilvægt að styðja lengur við verkefnið með niðurgreiðslu á leigu.

Auk styrks til verkefnisins Karlar í skúrum er lagt til að verkefnið Heilsa og hugur verði styrkt en það er lýðheilsuverkefni sem nær til fjölda íbúa sem eru eldri en 60 ára. Verkefnið er eins og Karlar í skúrum tilraunaverkefni sem hófst á árinu 2021 og var m.a. fjármagnað með styrk frá félagsmálaráðuneytinu vegna Covid-19 árið 2021. Á árinu 2022 hefur námskeiðið verið fjármagnað af Mosfellsbæ. Námskeiðið er haldið þrisvar í viku og áhersla lögð á bæði úti- og innistarf, þol og styrk, liðleika og teygjur, slökun og fyrirlestra. Námskeiðið Heilsa og hugur



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

fellur vel að lýðheilsustefnu Mosfellsbæjar sem er heilsueflandi samfélag. Verkefnið er nú að þróast af þeim stað að vera tilraunverkefni yfir í að því verði fundinn varanlegri staður. Um verkefnið og framhald þess hefur verið fjallað á vettvangi bæjarráðs og fyrir fundi bæjarráðs liggur tillaga um að fela FaMos að halda utan um námskeiðið. Verði sú tillaga samþykkt verður gerður sérstakur samningur um aðgang að húsnæði og aðstöðu. Er lagt til að framangreindur styrkur verði veittur til styðja við verkefnið við flutning þess yfir á næsta stig.